

Alþingi  
Erindi nr. P 139/1912  
komudagur 4. 4. 2011

**Athugasemdir Sólar á Suðurlandi um frumvarp til laga um virkjun neðri hluta Þjórsár.**

**Þskj. 905 — 540. mál.**

Samtökin Sól á Suðurlandi gera alvarlegar athugasemdir við umrætt frumvarp .

Í þingskjalinu segir: *“Þessi áform um virkjanir hafa þegar uppfyllt öll skilyrði umhverfissjónarmiða og hagkvæmnissjónarmiða. Virkjanirnar hafa þegar farið í gegnum mat á umhverfisáhrifum án athugasemda, verið í tvígang settar í rammaáætlun og komið vel út í bæði skiptin, eru fjárhagslegar hagkvæmar og ýta undir íslenskt atvinnulíf.”*

Ekki er hægt að fallast á þessar fullyrðingar. Virkjanir í neðri hluta Þjórsár munu umturna náttúru, landslagi og öllu umhverfi Þjórsár frá Gaukshöfða í Þjórsárdal og alla leið til sjávar, í einu blómlegasta landbúnaðar- og útivistarsvæði landsins.

Árið 2003 kom niðurstaða Skipulagsstofnunar vegna umhverfismats þessara þriggja vikkjana. Það umhverfismat var gallað og takmarkað og er nauðsynlegt að gera það aftur og vanda meira til verka. Verða hér nefnd nokkur atriði þessu til stuðnings.

Lífríki og jarðfræði allra þeirra fjölmörgu eyja sem eru í Þjórsár á virkjanasvæðinu var ekki rannsakað í umhverfismatinu.

Á nokkrum stöðum verður Þjórsá tekin úr sínum náttúrulega farvegi og leidd um göng eða skurði. Farvegur árinna verður þá nánast þurr og eru miklar líku á uppblæstri úr honum yfir sveitirnar í þurrum norðan- og norðaustan áttum. Ekki hefur verið sýnt fram á að hægt sé að græða upp og koma í veg fyrir slíkan uppblástur úr farvegium.

Í umhverfismatinu voru samfélagsleg áhrif og þá sérstaklega á nærsamfélagið, ekki rannsökuð. Slíkt er algjörlega óviðunandi.

Síðan árið 2003 hefur ýmislegt komið í ljós varðandi lífríki Þjórsár.

Urriðafossvirkjun ein mun setja einstakan laxastofn Þjórsár í hættu og jafnvel þurrka hann út. Árið 2010 veiddust 9000 laxar í ánni. Einnig hefur komið í ljós að svæðið fyrir ofan Búða er eitt sterkasta hrygningarsvæði árinna.

Nokkur laxveiði, stangveiði, er í þverám Þjórsár, sem stefnt er í hættu með þessum virkjunum. Ekkert hefur verið rætt við landeigendur að þeim ám.

Nauðsynlegt er að kanna líffræði laxastofns Þjórsár miklu mun betur áður en lengra er haldið og þær upplýsingar sem Landsvirkjun gefur um málefnið eru ekki traustar.

Þrjár fossar verða eyðilagðir, þ.á. m. Urriðafoss, vatnsmesti foss landsins.

Hætta er á að minni framburður Þjórsár hafi neikvæð áhrif á uppeldisstöðvar þorsstofnsins við Selvogsgrunn.

Ekki hefur áleitinni spurningu íbúa við ána um kælandi áhrif jökullónanna verið svarað.

Virkur jaðrvísindamaður varar við því að byggja stíflur á þessu mikla sprungusvæði á Suðurlandi, en aðvaranir hans hafa verið lítt virtar af framkvæmdaraðila. Vekur þetta þó ugg í brjóstum margra sem búa á svæðinu.

*“Þessar ákvarðanir ráðherra höfðu alvarlegar afleiðingar á áform um virkjun í neðri hluta Þjórsár.”*

Það voru fyrst og fremst skortur á fjármagni hjá Landsvirkjun sem ollu því að hægt var á undirbúningi þessara virkjana og ákvörðun umhverfisráðherra hafði engin áhrif á aðrar framkvæmdir í Skeiða- og Gnúpverjahreppi né Flóahreppi. Hins vegar hefur minni þrýstingur um að virkja í neðri hluta Þjórsár minnkað félagslega spennu í þessum sveitarfélögum.

Sól á Suðurlandi vill vekja athygli frumvarpsflytjenda á að miklar deilur eru um þessar virkjanahugmyndir, sérstaklega í sveitunum vestan við Þjórsá.

Sjálfbær þróun byggir á þremur meginstöðum: Náttúru, samfélagi og efnahag.

Fyrir hönd Sólar á Suðurlandi,

*Guðfinnur Jakobsson, formaður*

*Skaftolti, Skeiða- og Gnúpverjahreppi*